

Gróðurreitanna á Skeiðarársandi vitjað

Mánudaginn 29. ágúst síðast liðinn fóru tæplega þrjú tugir nemenda í FAS sem stunda nám í áfanganum „Inngangur að náttúruvísindum“ í rannsóknarferð á Skeiðarársand. Veður var eindæma gott; logn, sól og hiti yfir 10 gráður. Um miðbik sandsins er allmikið af bæði birki- og víðiplöntum og árið 2009 voru settir þar niður fimm 25 m² gróðurreitir sem nemendur FAS rannsaka á hverju hausti. Megin tilgangurinn er að fylgjast með breytingum á sandinum en einnig að fá nemendur til að skoða náttúruna í kringum sig en FAS hefur alla tíð lagt á það áherslu að gera nemendur meðvitaða um umhverfi sitt.

Fyrir ferðina var nemendum skipt í hópa því allir fá ákveðið hlutverk. Það er margt sem þarf að gera á vettvangi og mikilvægt að vinnan gangi vel fyrir sig. Auk þriggja kennara frá FAS var Kristín Hermannsdóttir frá Náttúrustofu Suðausturlands með í för og fylgdi einum hópnum á vettvangi.

Það hafa oft sést meiri breytingar á milli ára en núna. Reyndar var töluvert um nýjar plöntur í reitunum en þær eru enn svo litlar að þær eru ekki mældar sérstaklega. En til að komast í þann hóp að fylgst sé með plöntum árlega þurfa þær að hafa náð a.m.k. 10 cm hæð. Núna sást sauðfé á svæðinu og á nokkrum plöntum voru augljós merki um beit. Þá báru allmargar plöntur ummerki um ágang skordýra en ekki sást mikið af fiðrildalirfum. Þá voru fleiri plöntur nú með rekkla en undanfarin ár sem segir til um viðgang trjána á sandinum. Mjög mikið bar á krækiberum núna og voru þau bæði stór og safarík. Á nokkrum stöðum mátti einnig finna bláber.

Undanfarin ár hefur nokkuð verið um sand í dældum. Í reit fjögur er áberandi mikill sandur og er hann sums staðar það þykkur að hann nær að kæfa litlar plöntur.

Þegar hæð trjána er skoðuð sérstaklega eru tiltölulegar litlar breytingar á hæð trjána í reitunum á milli ára. Einhver tré hækka um örfáa cm á meðan önnur standa nánast í stað eða jafnvel lækka. Stærsta tréð innan mælireitanna þetta árið var 181 cm á hæð. Þess má einnig geta að nú voru skoðaðar nokkrar birkihríslur utan reitanna og hæð þeirra mæld. Hæstu birkitrén sem voru mæld voru 2,90 metrar. Í ferðinni kom upp sú hugmynd að fylgjast einnig reglulega með nokkrum háum plöntum utan reita.

Síðustu daga hafa nemendur svo unnið úr gögnunum sem söfnuðust. Sú vinna flest m.a. í því að skoða tölulegar upplýsingar á milli ára og velta fyrir sér líklegum skýringum á breytingum. Líkt og fyrri ár verða niðurstöður ferðarinnar birtar á <http://nattura.fas.is/>

Hjördís Skírnisdóttir
Kristín Hermannsdóttir